

# Ársskýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra 2022

Skýrsla þessi var lögð fram á aðalfundi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma þann 15. maí 2023. Í skýrslunni er tæpt á því helsta sem bar við í starfsemi KGRP á árinu 2022. Endurskoðaður reikningur stofnunarinnar er aftan við skýrsluna og þar er gerð grein fyrir tölulegum stærðum í rekstri KGRP.



## **EFNISYFIRLIT**

HUGLEIÐINGAR FRAMKVÆMDASTJÓRA .....	3
REKSTURINN 2022.....	4
STJÓRN KGRP OG FRAMKVÆMDASTJÓRN .....	5
STARFSMANNAHALD .....	5
ÞJÓNUSTA Í FOSSVOGSKIRKJU, LÍKHÚSI OG BÁLSTOFU .....	6
HELSTU VERKEFNI Í GÖRÐUNUM OG VIÐHALD FASTEIGNA.....	9
TENGDIR AÐILAR.....	13
ÞAKKARORÐ.....	13
ÁRSREIKNINGUR KGRP 2022.....	14

## HUGLEIÐINGAR FRAMKVÆMDASTJÓRA

### Að mörgu er að hyggja

Undirritaður tók við starfi framkvæmdastjóra Kirkjugarða Reykjavíkur-prófastsdæma (KGRP) í júní 2022. Strax í upphafi einsetti ég mér að hitta sem allra flesta hagsmunaaðila. Hef ég nú m.a. rætt við stjórnvöld, starfsfólk, aðstandendur, presta, sóknarnefndir, fulltrúa trúar- og lífs-skoðunarfélaga og fleiri aðila, samtals nokkur hundruð manns. Þetta hafa verið mjög skemmtilegar og gefandi samræður og ljóst að fólk hefur sem betur fer skoðanir á málefnum garðanna og rekstri þeirra.

Að mörgu er að hyggja í rekstri KGRP. Á árum áður var töluvert meira fjármagn til skiptanna við rekstur garðanna en nú er. Það eru því miklar áskoranir fram undan og því komið að ákveðnum tímamótum. Samfélagið hefur breyst, tækninni fleygir fram og mikil þróun á sér stað í umhverfismálum svo fátt eitt sé nefnt. Það liggur einnig fyrir að miklar fjárfestingar standa fyrir dyrum. Brýn þörf er á byggingu nýrrar bálstofu en einnig er komið að ýmsum almennum fjárfestingum og viðhaldsverkefnum sem setið hafa á hakanum í mörg ár. Hér er t.d. hægt að nefna endurnýjun á líkhúsi og viðhaldi á fasteignum fyrirtækisins. Það varð fljótt ljóst að það þurfti að skoða hvert væri hlutverk og stefna KGRP og einnig þarf nauðsynlega að endurskoða lög um kirkjugarða í landinu.

Síðast liðið haust ákvað framkvæmdastjóri ásamt stjórn að hefja vinnu við stefnumótun KGRP og hefur mikil vinna farið í greiningarhluta stefnumótunarinnar. Næsti vetur mun svo ef að líkum lætur fara í innleiðingu stefnumótunarinnar ásamt innleiðingu á nýju skipulagi og hlutverki KGRP.

Frá bankahruninu hefur skerðing til kirkjugarða numið tæpum fjórum milljörðum króna og þá er miðað við verðlag hvers árs. Sé talan uppreiknuð væri skerðingin mun hærri. Gagnvart KGRP þýðir þetta liðlega tveir milljarðar króna á verðlagi hvers árs eða lauslega uppreiknað yfir þrjá milljarða í uppsafnaðan tekjumissi frá árinu 2011. Það munar um minna.

*Ingvar Stefánsson,  
framkvæmdastjóri KGRP.*



Ingvar Stefánsson,  
framkvæmdastjóri KGRP.

# REKSTURINN 2022

## Tekjur og gjöld

Lögbundnar rekstrartekjur KGRP námu 643,5 millj.kr. og hækkuðu um 4,5 millj.kr. eða 0,7% milli ára. Aðrar tekjur námu 79,7 millj.kr. og lækkuðu um 20,3 millj.kr. Þar vegur mest styrkur vegna þjónustuhúss í Kópavogi að fjárhæð 20 millj.kr. sem félagið fékk á árinu 2021.

Rekstrargjöld hækkuðu samtals um 16,2 millj.kr. eða 2,2% á milli ára. Helsta hækkunin á milli ára er í afskriftum en eignfærslur á árinu 2022 voru töluverðar, 160,7 millj.kr., sem skilar sér í hærri afskriftum. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 4% á milli ára en rekstur og við-



Fossvogskirkja í Reykjavík.

hald fasteigna og rekstur og viðhald garða lækkuðu á milli ára.

Hækkun rekstrargjalda og lækkun rekstrartekna skilar sér í rekstrartapi á árinu 2022. Fjármagnsgjöld voru einnig mun hærri á árinu 2022 en 2021 og má það helst rekja til verðbréfanna sem lækkuðu að gangvirði á árinu 2022.

Afkoma Útfararstofu kirkjugarðanna var góð á árinu 2022 og hækkaði úr tæpum 14 millj.kr. í rúmar 32 millj.kr. Niðurstaða rekstrarreiknings KGRP er því hagnaður að fjárhæð 6,2 millj.kr. samanborið við 51,5 millj.kr. hagnað árið 2021.

## Eignir og skuldir

Heildareignir félagsins jukust um 13,6 millj.kr. á milli ára. Veltufjármunir lækkuðu um 33,6 millj.kr. og skammtímaskuldir lækkuðu um 12,3 millj.kr. Veltufjárhlutfall félagsins lækkaði því úr 1,36 í 1,08 en það hlutfall sýnir hæfi félagsins til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur næsta árið og miðað er við að hlutfallið fari ekki undir 1.

Eigið fé jókst um hagnað ársins og eiginfjárhlutfall félagsins hélst nokkurn veginn óbreytt á milli ára, um 62%. Eiginfjárhlutfallið segir til um hversu miklar skuldir hvíla á stofnuninni í samanburði við eignir hennar og er stofnunin með mjög sterkt eiginfjárhlutfall.

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna bera Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ábyrgð á þeim hluta lífeyrisgreiðslna sem er tilkominn vegna verðlagsþróunar og kaupmáttaraukningar. Skuldbindingin er reiknuð ár hvert af tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eiga sérgreindar eignir til þess að mæta þessari skuldbindingu. Í sérstökum tilfellum er heimilt að ganga tímabundið á þessar sérgreindu eignir líkt og gert var á árinu 2022 við byggingu þjónustuhúss í Kópavogskirkjugarði. Á árinu 2022 voru sérgreindar eignir því lægri en lífeyrisskuldbinding líkt og sjá má í skýringu 9 með ársreikningi.

# STJÓRN KGRP OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

## Fundir aðalstjórnar

Aðalfundur KGRP 2022 var haldinn á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð mánudaginn 9. maí 2022. Á fundinn mættu 17 fulltrúar, prófastur í RPA, prófastur í RPV og 7 starfsmenn KGRP. Vetrarfundur var haldinn 14. nóvember 2022. Fundir aðalstjórnar eru haldnir í fundarsal starfsmannahússins á Hallsholti við Gufuneskirkjugarð.

## Framkvæmdastjórn KGRP

Á árinu 2022 var Egill Heiðar Gíslason formaður KGRP, Kristján Guðmundsson varaformaður og Emilía Guðrún Svavarsdóttir meðstjórnandi. Í varastjórn voru: Hrafnhildur Sigurðardóttir frá Seltjarnarnessókn og Níels Árni Lund frá Grafarholtssókn. Framkvæmdastjórn hélt 11 fundi á milli aðalfunda.

# STARFSMANNAHALD

## Fastráðnir starfsmenn

Hjá KGRP er mikinn mannauð að finna og þar starfar frábært starfsfólk. Fastráðnir starfsmenn í ársbyrjun 2022 voru 32 og í árslok voru þeir 31 talsins. Hópurinn er fjölbreyttur sem felur í sér mikinn styrkleika fyrir KGRP. Mjög hátt þekkingarstig er í garðyrkju en einnig starfar fólk með háskólamenntun og ýmsa aðra menntun á fleiri sviðum auk þess sem margir hafa langan starfsaldur. Hjá KGRP starfa 12 menntaðir garðyrkjumenn, 4 starfsmenn hafa háskólapróf og eru þau öll með meistaragráðu að auki. Sennilega er hvergi saman komin jafn mikil þekking á rekstri kirkjugarða hérlendis.



Hluti starfsmanna KGRP. Hópurinn er fjölbreyttur sem felur í sér mikinn styrkleika fyrir KGRP.

## Starfsmannafundir og námskeið

Fundarhald hefur verið í endurskoðun í vetur. Reglulegir fundir eru haldnir með starfsfólki en í bígerð er að ákveðnir fundir verði hluti af stjórnskipulagi garðanna. Gert er ráð fyrir að námskeiðahald verði aukið frá því sem verið hefur. Tvö skyndihjálparnámskeið verða haldin í maí sem allir starfsmenn eru skyldugir til þess að mæta á. Einnig verða gerðar auknar kröfur til starfsfólks varðandi notkun hlífðar- og öryggisfatnaðar. Í kjölfar stefnumótunar verða innleiddar starfsmanna- og öryggisstefnur.

## Sumarstarfsmenn

Sumarstarfsmenn á árinu 2022 voru 79 talsins samanborið við 58 árið 2021. Hefðbundið dráttarvélanámskeið var haldið í byrjun sumars hjá Vinnueftirliti ríkisins og á námskeiðið fóru þeir sumarstarfsmenn sem ráðnir voru til að stýra dráttarvélum og öðrum tækjum.


## Aðstoð í Fossvogskirkjugarði

Eins og fyrri ár komu hópar frá Styrktarfélaginu Ási til að vinna í Fossvogskirkjugarði sem er afar kærkomin aðstoð. Hóparnir hafa aðstöðu í vinnuskúr við svæði O og fást við að hreinsa kransa og flokka rusl. Hóparnir frá Ási eru hjá okkur frá janúar og út apríl og frá september fram í miðjan desember. Hver hópur er á svæðinu í um þrjá tíma í senn. Um sumarið kom svo einnig hópur frá Hinu húsinu sem hreinsaði lauf o.fl.

# ÞJÓNUSTA Í FOSSVOGSKIRKJU, LÍKHÚSI OG BÁLSTOFU


## Bálstofan í Fossvogi og bygging nýrrar bálstofu

Bálfarir hér á landi hafa aukist gríðarlega á síðustu árum. Á árinu 2022 fóru fram 1.107 bálfarir í bálstofunni í Fossvogi sem er fjölgun um rúm 18% frá árinu áður.



Hér má sjá fjölda bálfara á mánuði frá janúar 2021 til desember 2022.





Fyrirhugaðar byggingar á Hallsholti við Gufunesgarð.

Bálstofan í Fossvogi, sem er eina bálstofa landsins, hefur verið starfrækt frá árinu 1948 og hefur henni verið vel við haldið. Með fjölgun bálfa og nýjum kröfum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar um viðamikinn hreinsibúnað er ljóst að þörf er á endurnýjun bálstofunnar en einnig hefur verið gríðarleg tækniþróun á þessum 75 árum sem bálstofan hefur verið starfrækt.

Í október 2021 kom út skýrsla á vegum Kirkjugarðaráðs um hönnun og kostnað við byggingu og rekstur nýrrar bálstofu á Íslandi sem uppfyllir kröfur um mengunarvarnir. Í þeirri skýrslu er gert ráð fyrir að ný bálstofa rísi á Hallsholti í framhaldi af starfsmannahúsi í Gufuneskirkjugarði. Frumkostnaðaráætlun gerði ráð fyrir um 1,2 milljörðum í kostnað við nýja byggingu og brennsluofna. Sá kostnaður hefur hækkað nokkuð vegna aukins launakostnaðar og hækkunar á hráefnisverði í heiminum. Nýverið hafa komið fram hugmyndir um hvort minnka megi umfang nýrrar bálstofu og draga þannig úr kostnaði við bygginguna.

### Líkhúsið í Fossvogi


Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafa starfrækt líkhús í áratugi þó að það sé ekki lögbundið verkefni kirkjugarða og KGRP hafi engar sértekjur af rekstri líkhússins. Í líkhúsið í Fossvogi voru á árinu 2022 fluttir 1.851 látirnir, þar af 74 sem vistaðir voru innan við sólarhring. Rekstrarkostnaður líkhúss og athafnarýma í Fossvogi var á árinu 2022 um 48 millj.kr. sem er um 8% af lögbundnu framlagi ríkisins til garðanna. Það er mjög bagalegt að sértekjur eða viðbótarframlag frá ríki fái ekki vegna þess kostnaðar.

### Fossvogskirkja, kapella og bænhús

Fjöldi útfara í athafnarýmum í Fossvogi jókst um 13% á milli árana 2021 og 2022. Nokkur fækkun var á athöfnum í kirkjunni sjálfri en fjölgun á athöfnum í kapellu og bænahúsi.

	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Fossvogskirkja	147	156	136	151	117	145	134	124	119	147	155	128
Kapella Fossvogi	188	182	213	188	181	201	210	202	215	208	199	238
Bænhús Fossvogi	15	15	16	20	21	37	36	31	33	14	18	54
Rauða herb. Fossv.	1	2	1	2	0	0	0	0	1	0	0	2
<b>Samtals</b>	<b>351</b>	<b>355</b>	<b>366</b>	<b>361</b>	<b>319</b>	<b>383</b>	<b>380</b>	<b>357</b>	<b>368</b>	<b>370</b>	<b>372</b>	<b>422</b>

Fjöldi útfara í athafnarýmum í Fossvogi 2011-2022.



Skipting greftrana KGRP á árinu 2022.

### Kirkjugarðar á þjónustusvæði KGRP

Grafartaka er einn af meginþáttum í starfsemi kirkjugarða og rúmlega 50% greftrana á landinu eru innan KGRP. Heildarfjöldi greftrana hjá KGRP jókst á milli ára, úr 1.139 árið 2021 í 1.314 árið 2022. Fjöldi kistu-grafa á árinu 2022 var 561 (42,7%) og fjöldi duftkerja var 753 (57,3%) sem er svipað hlutfall og árið áður.

6901692829	Kistugarðsetningar	Duftkerjagarðsetningar
Fossvogskirkjugarður - duftgarður	0	30
Fossvogskirkjugarður	93	181
Gufuneskirkjugarður - duftgarður	0	51
Kópavogskirkjugarður	107	13
Hólavallagarður við Suðurgötu	1	25
Gufuneskirkjugarður	353	100
Sólland	7	314
Kópavogskirkjugarður - duftgarður	0	39
<b>Samtals</b>	<b>561</b>	<b>753</b>

Samantekt yfir fjölda jarðsetninga í kirkjugörðum KGRP á árinu 2022.

Jarðsetningum fjölgar á milli ára í öllum gördum í umsjá KGRP að frásældum duftgarðinum í Fossvogi þar sem fækkar um eina jarðsetningu, Hólavallagarði þar sem fækkar sömuleiðis um eina jarðsetningu og í duftgarði í Kópavogi þar sem fækkar um þrjár jarðsetningar milli ára.

Tekið skal fram að fjöldi duftkerja í geymslum bálstofunnar hefur farið vaxandi og er það mjög bagalegt bæði vegna þess að KGRP fá ekki greitt fyrr en ker eru jarðsett en einnig vegna plássleysis í geymslum. Brynt er því að skerpa á regluverki varðandi geymslu duftkerja og jafnvel setja í lög að jarðsetja skuli duftker innan tiltekins tíma.



# HELSTU VERKEFNI Í GÖRÐUNUM OG VIÐHALD FASTEIGNA

## Almenn umhirða í görðunum

Kári Aðalsteinsson er garðyrkjustjóri hjá KGRP. Garðarnir eru misgamlir og þar af leiðandi eru mismunandi áherslur í umhirðu þeirra. Verkefni eru þó alls staðar ærin og reynt er að forgangsraða eftir því sem mannaflí og fjármagn leyfir. Unnið var að almennri hirðingu garðanna, við plöntun trjáa, sáningu, túnbökulögn o.fl. Almenn hirðing var að venju í verkahring sumarstarfsmanna undir stjórn fagfólks í garðyrkju. Endurnýjun véla og tækja hefur verið eðlileg og stefnt er að því að rafvæða sem mest af sláttutækjum en miklar framfarir hafa orðið á tækni.

## Viðhald fasteigna og lóða

Gestur Hreinsson hefur umsjón með fasteignum og viðhaldi í görðum KGRP. Á undanförunum árum hafa mörg verkefni setið á hakanum vegna niðurskurðar en mesta áherslan á næstu árum verður á að ljúka svæðinu í kringum nýtt þjónustuhús í Kópavogi og malbika götur í Gufunesgarði en þær eru orðnar holóttar. Einnig er orðin mikil þörf á viðhaldi á fasteignum í Fossvogi. Lágmarks viðhaldsframkvæmdir voru við Fossvogskirkju og tengibyggingar. Öllum stærri verkefnum þar var frestað en ákveðin viðhaldsþörf er orðin á múr og gluggum. Fyrir liggur úttekt á múrhúð kirkjunnar sem er illa farin á köflum og kostnaðaráætlun sem nemur milljónatugum. Sérstaklega þarfnast reykgangurinn á vesturhlið turnsins viðhalds en hann er orðinn sprunginn og sótugur.



Fossvogsgarður er sá stærsti hjá KGRP og þyngstur í umhirðu enda starfar flest af starfsfólkinu þar.

## Fossvogsgarður


Kristján Linnet er garðyrkjustjóri Fossvogsgarðs. Garðurinn er sá stærsti hjá KGRP og þyngstur í umhirðu. Á næsta ári verður lögð áhersla á að kortleggja betur leiði í garðinum og hvar hugsanlega geti verið laus leiði. Haldið var upp 90 ára afmæli garðsins í september. Framkvæmdastjóri tók á móti gestum sem voru yfir 200 talsins. Boðið var upp á kaffi og meðlæti. Stefán Pálsson sagnfræðingur fór með gesti í sönggöngu um garðinn og Kristján Linnet fræddi gesti um gróður garðsins o.fl. Mikil ánægja var með gönguna. Hár aldur garðsins gerir það að verkum að hluti trjágróðurs er orðinn gamall og því þarf að fella mikið af trjám þar á næstu árum.

## Hólavallagarður

Heimir Janusarson veitir Hólavallagarði forstöðu. Undanfarin ár hefur verið unnið að endurnýjun veggjarins umhverfis garðinn. Búið er að endurnýja vegginn við Suðurgötu og Hringbraut en gert er ráð fyrir að endurnýjun verði lokið innan þriggja ára. Minjastofnun og Reykjavíkurborg hafa veitt styrki til verksins. Ein kistugröf var tekin í garðinum á árinu 2022 sem var óvenjulegt. Umhirða í garðinum var hefðbundin en sex sumarstarfsmenn störfuðu í garðinum á árinu 2022. Síðastliðið ár jókst að farið væri í leiðsagnir með skóla- og starfsmannahópa. Mikil ánægja er með þessar leiðsagnir um garðinn.

## Gufunesgarður

Helena Sif Þorgeirsdóttir veitir Gufunesgarði forstöðu. Árið gekk vel en að meðaltali starfa um fimm til sex starfsmenn í garðinum; tveir við grafartekt, tveir til þrjár við garðyrkju og einn til tveir á skrifstofu. Á árinu voru 25 sumarstarfsmenn við vinnu í garðinum. Fyrri hluti ársins fór í miklar trjáfellingar og grófar klippingar, en einnig var nokkuð endurnýjað af beðum og markvisst var farið yfir garðinn og fyllt upp í sigdældir og lagað það sem laga þarf. Á undanförunum árum hefur verið gert átak í að gera garðinn að einfaldara og þægilegra umhirðusvæði og hefur það verkefni gengið vel.



Á árinu 2022 voru 25 sumarstarfsmenn við vinnu í Gufunesgarði.





Þjónustuhúsið í Kópavogsgarði er hið glæsilegasta og bætir til muna alla aðstöðu.

Mynd: Arkþing Nordic.

## Kópavogsgarður

Sigríður Inga Magnúsdóttir garðyrkjumaður veitir Kópavogsgarði forstöðu og hefur hún verið eini heilsárs starfsmaður garðsins. Garðurinn er enn í uppbyggingu og er verið að byggja upp ný grafarsvæði. Lögð er áhersla á að græða upp garðinn og loka moldarsvæðum. Fjórir til fimm sumarstarfsmenn hafa starfað í garðinum á sumrin. Grafarar hafa komið úr Fossvogsgarði.

## Trjáplöntu- og blómakaup

Innkaup á trjáplöntum og blómum hafa verið vaxandi undanfarin ár. Verðlag á sumarblómum og útseldri þjónustu KGRP fylgir launavísitölu og er verðskráin uppfærð fyrir 1. maí ár hvert. Mestöll blómasalan fer fram í gegnum áskrift og hefur flestum aðstandendum þótt þægilegt að hafa þann háttinn á en aðrir hringja og panta. Stefnt er að því að blómasalan (blóm+vinna) standi undir sér, þ.e. sé ekki niðurgreidd af lögbundnum tekjum KGRP.

## Lýsing um jól og áramót

Sömu þrjú fyrirtækin sem verið hafa undanfarin mörg ár sáu um jólalýsingu í Fossvogskirkjugarði, Gufuneskirkjugarði og Kópavogskirkjugarði á aðventu og um jól og áramót 2022. Tekjur KGRP vegna aðstöðugjalda þessara fyrirtækja standa undir þeirri vinnu sem starfsmenn KGRP þurfa að inna af hendi og tengist þessari þjónustu.

## Umhverfismál

Samhliða stefnumótun hefur umhverfisstefna verið í mótun. Mjög brýnt er að koma þessum málaflokki í ákveðinn farveg, s.s. hvað varðar flokkun á rusli alls staðar í starfseminni.

## Þjónustuhús í Kópavogsgarði

Nýtt þjónustuhús var tekið í notkun í Kópavogsgarði. Húsið er hið glæsilegasta og bætir til muna aðstöðu við garðinn en ekki síður fyrir viðhald véla fyrir garðana í heild.

## Nýr garður í Reykjavík við Úlfarsfell

Gert er ráð fyrir að fyrsti áfangi Úlfarsfellsgarðs verði tekinn í notkun í fyrsta lagi á árinu 2030. Stjórnendur hafa átt í óformlegum viðræðum við Skógrækt Reykjavíkur varðandi samstarf við uppbyggingu garðsins. Heildarstærð lóðar er 22.5 ha.

Aðkoma að kirkjugarðinum verður frá suðurhlíð lóðar og þar er gert ráð fyrir aðkomusvæði með bílastæðum, móttökuhúsi, svæði fyrir upplýsingar, minningarreiti og listaverk. Þaðan verður hægt að keyra bíl eftir hringvegi sem liggur um kirkjugarðinn. Grafarsvæði garðsins skiptast upp í miðjusvæði og svæði fyrir utan miðjuna. Miðjan er afmörkuð með hringlaga jarðvegsmon með

vegghleðslu sem snýr inn að miðju. Í vegginn eru skörð fyrir svæðagötur og þannig tengist miðja garðsins öðrum hlutum hans. Svæðagötur skipta kirkjugarðinum upp í minni svæði og með gróðri og yfirborðsfrágangi verður hægt að gefa hverju svæði fyrir sig séreinkenni sem henta staðsetningu og tíðaranda. Meðfram austurhlíð kirkjugarðsins liggur Græni trefillinn í hlíðum Úlfarsfells. Þar er gert ráð fyrir útivistarstíg sem mun gagnast bæði gestum kirkjugarðsins en einnig þeim sem stunda útivist á svæðinu.



Brýnt er að hraða framkvæmdum við næsta garð KGRP sem verður í hlíðum Úlfarsfells.

# TENGDIR AÐILAR

## Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ)

Aðalfundur KGSÍ var haldinn á Akureyri í maí 2023 og var góð þáttaka á fundinn. Þema fundarins var garðyrkja og mættu starfsmenn úr garðyrkju frá KGRP á fundinn.



KGSÍ hefur það verkefni að sjá um að greiða kirkjugörðum landsins framlag ríkisins og fer sú greiðsla fram á grundvelli gjaldalíkans sem stjórn KGSÍ útbjó og lagði fram árið 2003. KGSÍ greiðir kirkjugörðum kostnað við greftranir og umhirðu.

KGSÍ gefur árlega út fagritið *Bautasteinn*. Í ár kom blaðið út í apríl og var meginefni þess umfjöllun um grafreiti og legsteina.

## Kirkjugarðaráð

Kirkjugarðaráð hefur samkvæmt lögum yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Framkvæmdastjóri KGRP situr í ráðinu, kosinn á aðalfundi KGSÍ.

## Erlend samskipti

KGRP eiga aðild að NFKK (norræn samtök kirkjugarða og bálstofa). Haldnir eru að jafnaði einn til tveir fundir á ári og eru fundarstaðir gjarnan höfuðborgir Norðurlandanna á víxl. Síðasti fundur var haldinn í september árið 2022. Á þessum fundum er tekið fyrir það helsta sem er að gerast í þessum málaflokkum á Norðurlöndunum. Nokkrir fjarfundir voru haldnir árið 2022. Framkvæmdastjóri KGRP situr í stjórn samtakanna og Guðmundur Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs er varamaður í stjórn. KGRP er einnig aðili að Sambandi evrópskra bálstofa (ECN).

# ÞAKKARORÐ

## Frábært starfsfólk

Margir lögðu mikið af mörkum til starfseminnar á síðasta ári en ákveðin vinna hafði safnast upp vegna Covid faraldursins. Stjórnarfélagi KGRP eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2022 sem var með miklum ágætum og hlakka ég til framhaldsins. Hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur starfar frábær hópur starfsfólks sem hefur tekið vel á móti mér. Mér er ofarlega í huga þakklæti til alls þess fólks sem starfaði innan garðanna á síðastliðnu ári.

F.h. framkvæmdastjórnar KGRP,

*Ingvar Stefánsson,*

*framkvæmdastjóri KGRP.*

# **Kirkjugarðar Reykjavíkur- prófastsdæma**

**Ársreikningur 2022**

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 690169-2829



## Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun framkvæmdastjórnar og forstjóra.....	2
Áritun skoðunarmanna.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4 - 5
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7 - 8
Sjóðstreymi.....	9
Skýringar .....	10 - 14

## Skýrsla stjórnar

### Starfsemi

Starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkurpófastdæmis (félagsins) er umfangsmikil. Í umsjá Kirkjugarðanna eru sex kirkjugarðar: Hólavallagarður (gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu), Fossvogskirkjugarður, Sólland duftreitir, Viðeyjarkirkjugarður, Gufuneskirkjugarður og Kópavogskirkjugarður. Á vegum stofnunarinnar er auk þess Fossvogskirkja, kapella, bænahús, bálstofa með tveimur líkbrennsluofnum og líkhús.

Ársreikningur Kirkjugarða Reykjavíkurpófastsdæma er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Starfsemin á árinu og framtíðarhorfur	2022	2021
Rekstrartekjur og aðrar tekjur félagsins námu.....	723.159.089	738.969.943
Hagnaður félagsins nam.....	6.262.411	51.524.810
Fjöldi ársverka nam.....	31	32
	<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>
Eignir félagsins námu.....	1.570.283.626	1.556.688.229
Bókfært eigið fé nam.....	974.893.886	968.631.475
Eiginfjárlutfall félagsins nam.....	62,1%	62,2%

Lögbundnar rekstrartekjur Kirkjugarðanna námu 643,5 millj.kr. og hækkuðu um 0,7% milli ára og aðrar tekjur námu 79,7 millj.kr. og lækkuðu um 20,3 millj.kr. Þar vegur mest styrkur vegna þjónustuhúss í Kópavogi að fjárhæð 20 millj.kr. sem félagið fékk á árinu 2021. Hagnaður Kirkjugarða Reykjavíkurpófastdæmis á árinu 2022 nam 6,3 millj.kr., en hagnaður fyrri árs nam 51,5 millj.kr. Heildareignir nema 1.570 millj.kr. og á árinu námu eignfærslur 160,7 millj.kr. og eru þar af 113,3 millj.kr. v. þjónustuhúss í kirkjugarði Kópavogs.

Í ársskýrslu Kirkjugarða Reykjavíkurpófastsdæmis sem lögð verður fram á aðalfundi, er gerð ítarleg grein fyrir ýmsum þáttum í rekstri hennar á árinu 2022.

### Framkvæmdastjórn

Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum þjóðkirkjusöfnuði auk fulltrúa frá Frikkirkjusöfnuðinum í Reykjavík, Óháða söfnuðinum, Kapólsku kirkjunni, Siðmennt og Ásatrúarfélaginu. Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast daglegan rekstur.

### Yfirlýsing framkvæmdastjórnar og forstjóra


Að áliti framkvæmdastjórnar og forstjóra Kirkjugarða Reykjavíkurpófastsdæmis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn og forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurpófastsdæma staðfestir hér með ársreikning fyrir árið 2022 með undirritun sinni.


Reykjavík, 11. apríl 2023.

Í stjórn

  
Egill Heiðar Gíslason  
formaður

  
Kristján Guðmundsson  
varaformaður

  
Emillía G. Svavarsdóttir  
stjórnarmaður

  
Ingvar Stefánsson  
framkvæmdastjóri

# Skýrsla skoðunarmanna

## Yfirlýsing skoðunarmanna


Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2022 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 11. apríl 2023.

Matthías Frímannsson



Dóra Berglind Torfadóttir



# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2022, efnahag þess 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Kópavogi, 11. apríl 2023.

**Deloitte ehf.**



Halldór Arason  
endurskoðandi



## Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
<b>Rekstrartekjur</b>			
Lögbundnar tekjur .....		643.473.826	638.941.232
Aðrar rekstrartekjur .....		79.685.263	100.028.711
		<u>723.159.089</u>	<u>738.969.943</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	516.380.637	496.319.045
Rekstur og viðhald fasteigna .....		72.621.292	84.443.900
Rekstur og viðhald garða .....		52.039.358	58.535.288
Annar rekstrarkostnaður .....		35.096.204	35.187.226
Afskriftir fastafjármuna .....	6	68.517.535	53.931.846
		<u>744.655.026</u>	<u>728.417.305</u>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap)</b>		(21.495.937)	10.552.638
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Fjármunatekjur .....		27.640.111	40.003.606
Fjármagnsgjöld .....		(32.215.985)	(12.956.885)
	5	<u>(4.575.874)</u>	<u>27.046.721</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélags .....	7	32.334.222	13.925.451
<b>Hagnaður ársins</b>		<u>6.262.411</u>	<u>51.524.810</u>



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýringar	2022	2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	981.648.063	889.407.236
Eignarhlutir í tengdum félögum .....	7	65.173.443	37.839.221
Bankainnist./ verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbindingu .....	9	456.858.003	529.241.059
		<u>1.503.679.509</u>	<u>1.456.487.516</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Útistandandi framlag rikissjóðs .....		5.898.888	8.205.683
Útistandandi tekjur .....		23.732.879	39.158.746
Aðrar skammtímakröfur .....		1.598.912	9.692.128
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		134.381	147.740
Sjóður og bankainnistæður .....		35.239.057	42.996.416
		<u>66.604.117</u>	<u>100.200.713</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.570.283.626</u>	<u>1.556.688.229</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>Skýringar</b>	<b>2022</b>	<b>2021</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>8</b>		
Óráðstafað eigið fé .....		<u>974.893.886</u>	<u>968.631.475</u>
		974.893.886	968.631.475
<b>Skuldir</b>			
Langtímaskuldir og skuldbindingar :			
Lífeyrisskuldbinding .....	9	<u>533.848.455</u>	<u>514.263.368</u>
		533.848.455	514.263.368
Skammtímaskuldir:			
Ógreidd launatengd gjöld .....		45.796.548	44.378.334
Aðrar skammtímaskuldir .....		<u>15.744.737</u>	<u>29.415.052</u>
		61.541.285	73.793.386
<b>Skuldir samtals</b>		595.389.740	588.056.754
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.570.283.626</u>	<u>1.556.688.229</u>

## Sjóðstreymi ársins 2022

	Skýringar	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Rekstrarhagnaður (lap) .....		(21.495.937)	10.552.638
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	68.517.535	53.931.846
(Söluhagnaður) fastafjármuna .....		(2.012.903)	(717.612)
Hækkun skuldbindinga .....	9	9.299.819	63.995.975
		<u>54.308.514</u>	<u>127.762.847</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Aðrar rekstrartengdar eignir .....		25.839.237	(16.566.454)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Rekstrartengdar skuldir .....		(12.252.101)	10.203.660
		<u>13.587.136</u>	<u>(6.362.794)</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
Innborgaðir vextir og arður .....		67.895.650	121.400.053
Greiddir vextir .....		27.640.111	40.003.606
		(21.930.717)	(4.128.113)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>73.605.044</u>	<u>157.275.546</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	(160.758.362)	(181.714.963)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....	6	2.012.903	6.523.765
Arður frá hlutdeildarfélögum .....		5.000.000	0
Breyting á bundnum bankainnistæðum .....		26.827.538	42.224.711
Vextir af bundnum bankainnistæðum .....		45.555.518	(26.660.443)
		<u>(81.362.403)</u>	<u>(159.626.930)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		<u>(7.757.359)</u>	<u>(2.351.384)</u>
Handbært fé í byrjun tímabils .....		42.996.416	45.347.800
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>35.239.057</u>	<u>42.996.416</u>

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma (KGRP) eru sjálfseignarstofnun safnaðanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ og eru með mestu umsvif kirkjugarða á landinu, eða um 50%. Stjórn Kirkjugarðanna er skipuð einum fulltrúa frá hverjum þjóðkirkjusöfnuði auk fulltrúa frá Frikirkjusöfnuðinum í Reykjavík, Óháða söfnuðinum, Kapólsku kirkjunni, Siðmennt og Ásatrúarfélaginu. Stjórnin kys þriggja manna framkvæmdastjórn, sem starfar náið með forstjóra, er annast daglegan rekstur.

Starfsemi Kirkjugarða reykjavíkurprófastsdæmis er umfangsmikil. Í umsjá KGRP eru sex kirkjugarðar: Hólavallagarður (gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu), Fossvogskirkjugarður, Sólland duftreitir, Viðeyjarkirkjugarður, Gufuneskirkjugarður og Kópavogskirkjugarður. Á vegum stofnunarinnar er auk þess Fossvogskirkja, kapella, bænahús, bálstofa með tveimur líkbrennsluofnum og líkhús.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Vesturhlíð 8, 105 Reykjavík.

## 2. Grundvöllur reikningskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningskilum og er gerður eftir sömu reikningskilaáðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2022	2021
Laun og ökutækjastyrkur .....	374.484.969	328.557.959
Endurgreidd laun .....	0	(13.811.879)
Launatengd gjöld og áunnið orlof .....	78.530.856	68.089.597
Hlutdeild KGRP í lífeyrisgreiðslum og breyting á skuldbindingu .....	34.274.484	88.450.207
Annar starfsmannakostnaður .....	29.090.328	25.033.161
	<b>516.380.637</b>	<b>496.319.045</b>
Stöðugildi fastra starfsmanna að meðaltali .....	31	32
Sumarstarfsmenn að meðaltali .....	79	58

Heildarlaun og hlunnindi til stjórnenda KGRP á árinu 2022 námu 33,2 millj.kr. (2021: 30,7 millj.kr.)

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2022	2021
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	27.210.764	11.917.737
Aðrar vaxtatekjur .....	429.347	28.085.869
	<u>27.640.111</u>	<u>40.003.606</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir .....	(7.937.251)	(3.213.982)
Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum .....	(22.998.662)	(8.828.772)
Önnur vaxtagjöld .....	(1.280.072)	(914.131)
	<u>(32.215.985)</u>	<u>(12.956.885)</u>

### 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Önnur mannvirki og stígar í gördum	Bifreiðar og vinnuvélar	Skrifstofuáhöld og listmunir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>					
Staða 1.1.2021 .....	1.626.648.377	258.389.406	203.401.440	18.237.326	2.106.676.549
Eignfært á árinu .....	108.864	168.820.262	12.785.837		181.714.963
Selt og aflagt á árinu .....		(7.969)	(7.248.628)	(357.973)	(7.614.570)
Staða 1.1.2022 .....	1.626.757.241	427.201.699	208.938.649	17.879.353	2.280.776.942
Eignfært á árinu .....	16.108.770	116.520.255	28.129.337		160.758.362
Selt og aflagt á árinu .....			(2.012.903)		(2.012.903)
	<u>1.642.866.011</u>	<u>543.721.954</u>	<u>235.055.083</u>	<u>17.879.353</u>	<u>2.439.522.401</u>
<b>Afskriftir</b>					
Staða 1.1.2021 .....	1.082.332.077	117.699.855	129.095.519	10.118.826	1.339.246.277
Afskrift ársins .....	21.253.282	11.443.087	20.359.737	875.740	53.931.846
Selt og aflagt á árinu .....		(7.969)	(1.442.475)	(357.973)	(1.808.417)
Staða 1.1.2022 .....	1.103.585.359	129.134.973	148.012.781	10.636.593	1.391.369.706
Afskrift ársins .....	21.988.293	20.326.984	26.156.967	45.291	68.517.535
Selt og aflagt á árinu .....			(2.012.903)		(2.012.903)
	<u>1.125.573.652</u>	<u>149.461.957</u>	<u>172.156.845</u>	<u>10.681.884</u>	<u>1.457.874.338</u>
<b>Bókfært verð</b>					
Staða 1.1.2021 .....	544.316.300	140.689.551	74.305.921	8.118.500	767.430.272
Staða 1.1.2022 .....	523.171.882	298.066.726	60.925.868	7.242.760	889.407.236
Staða 31.12.2022 .....	517.292.359	394.259.997	62.898.238	7.197.469	981.648.063
Afskriftarhlutföll .....	3-5%	0-10%	12-33%	0-20%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Fasteignir og lóðir .....	1.641.180.000	2.066.756.000
Vélar og tæki, eignatryggingar .....		877.601.026

Eignir stofnunarinnar eru ekki veðsettar.

## 7. Eignarhlutar í dótturfélagi

Eignarhlutar í dótturfélögum:	Eignarhlutur	Nafnverð	Starfsemi
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf. ....	100%	10.000.000	Útfararþjónusta
Breyting eignarhluta í dótturfélagi greinist þannig:		<b>2022</b>	<b>2021</b>
Staða í ársbyrjun .....		37.839.221	23.913.770
Hlutdeild í afkomu ársins .....		32.334.222	13.925.451
Greiddur arður .....		(5.000.000)	0
Staða í árslok .....		65.173.443	37.839.221

## 8. Eigið fé

Eigið fé greinist þannig:	Eigið fé
Eigið fé 1.1.2021 .....	917.106.665
Hagnaður ársins .....	51.524.810
Eigið fé 1.1.2022 .....	968.631.475
Hagnaður ársins .....	6.262.411
Eigið fé 31.12.2022 .....	974.893.886

## 9. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna bera Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma ábyrgð á þeim hluta lífeyrissgreiðslna sem er vegna verðlagsþróunar og kaupmáttar-aukningar samkvæmt 33. gr. laga um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna. Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna greiðir einungis fast hlutfall af launum starfsmanns eins og þau voru þegar starfsmaður lét af störfum. Vegna þessarar lífeyrisskuldbindingar stofnunarinnar hefur verið mynduð lífeyrisskuldbinding sem færð er meðal skulda í efnahagsreikningi og er hækkun skuldbindingarinnar færð til gjalda í rekstrarreikningi. Í lok dæsember 2022 nam skuldbindingin kr. 533.848.455. Skuldbindingin er reiknuð af Talnakönnun hf. og er reiknuð samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum sjóðsins, þar sem miðað er við lækkandi dánartíðni. Helstur forsendur eru 2% vextir, lífslíkur skamkvæmt reynslu LSR á árunum 2014-2018 með spá FÍT um lækkandi dánartíðni. Almennt var reiknað með launahækkun sem nam um 7,1% á árinu 2022.

	2022	2021
Lífeyrisskuldbinding í ársbyrjun .....	514.263.368	441.438.621
Breyting lífeyrisskuldbindingar, færð meðal launa og launat. gjalda .....	9.299.819	63.995.975
Vextir af lífeyrisskuld, gjaldfærðir á meðal vaxtagjalda .....	10.285.268	8.828.772
	533.848.455	514.263.368
Lífeyrisskuldbinding í árslok .....	(533.848.455)	(514.263.368)
Verðbréf til að mæta lífeyrisskuldbindingu .....	193.189.919	238.745.437
Bankainnistæður til að mæta lífeyrisskuldbindingu .....	263.668.084	290.495.622
Sérgreindar eignir umfram (lægrí en) lífeyrisskuldbindingu í árslok .....	(76.990.452)	14.977.691

## 10. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamninga um leigu á fasteignahlutum stofnunarinnar. Annars vegar er um að ræða leigu til Landsspítala og Milu ehf. á hluta af fasteigninni að Vesturhlíð 8 og hins vegar leiga til Útfararstofu kirkjugarðanna ehf. á fasteigninni Vesturhlíð 2.



# Skýringar

## 11. Reikningsskilaaðferðir

### Skráning tekna

Stærslur hluti tekna stofnunarinnar er lögbundinn. Aðrar tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Sala er skráð þegar yfirráð yfir seldri vöru flytjast yfir til kaupanda, sem er almennt við afhendingu vöru. Þjónustutekjur eru eftir atvikum færðar á þeim tímapunkti þegar þjónustan hefur verið innt af hendi, eða samhliða því sem þjónustan er veitt. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

### Skráning gjalda

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Fjármagnsgjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til. Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður línulega yfir líftíma lánsins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru afskrifaðir línulega á áætluðum nýtingartíma þeirra, að teknu tilliti til vænts hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi, og er færður við rekstrarreikning við sölu.

### Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni, og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni. Eignarhlutar í dótturfélögum eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og því færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og annarra breytinga á eigin fé, og virðisrýmnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

### **Verðbréf**

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### **Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Skuldbindingar vegna vöruábyrgða eru færðar á söludegi viðkomandi vara og metnar af stjórnendum m.t.t. áætlaðs fjárútreymis sem ábyrgðimar kunna að valda í framtíðinni.

### **Viðskiptaskuldir**

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallins kostnaðar.